

# Reglur um viðskipti starfsmanna við Kviku banka hf.

Samþykkt í október 2020 / Ábyrgðaraðill: Regluvörður

## 1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1. Reglurnar eru settar á grundvelli 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (*ffl.*) og í samræmi við reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila (*reglur FME*).
- 1.2. Reglurnar gilda um viðskipti starfsmanna við Kviku banka hf. (*hér eftir nefndur bankinn*). Með viðskiptum er m.a. átt við lánsbeiðni, beiðni um verðbréfavíðskipti, gerð samnings um eignastýringu, fyrirtækjaráðgjöf eða samning um aðra þjónustu sem bankinn veitir. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

## 2. Viðskiptakjör starfsmanna við Kviku banka hf.

- 2.1. Viðskipti starfsmanna skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn bankans.
- 2.2. Bankanum er heimilt að veita starfsmönnum starfsmannakjör sem eru sambærileg við bestu kjör viðskiptamanna bankans. Kjör starfsmanna koma fram í starfsmannahandbók.
- 2.3. Fyrirgreiðslur til starfsmanna og veittar tryggingar skulu ávallt vera í samræmi við gildandi útlánareglur bankans.

## 3. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

- 3.1. Um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga fer eftir ákvæðum reglna bankans um eigin viðskipti starfsmanna.
- 3.2. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga krefjast sérstakrar aðgætni og ávallt skal hugað að mögulegum hagsmunaárekstrum við viðskiptamenn bankans eða bankann sjálfan.

## 4. Viðskipti forstjóra og lykilstarfsmanna við Kviku banka hf.

- 4.1. Allir samningar bankans um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við forstjóra, nánna fjölskyldumeðlima hans og aðila í nánnum tengslum við forstjóra eru háðir samþykki stjórnar bankans.
- 4.2. Bóka skal ákvörðun um viðskipti samkvæmt gr. 4.1 í gerðarbók stjórnar og tilkynna skal um ákvörðun til Fjármálaeftirlitsins.
- 4.3. Forstjóri og lykilstarfsmenn, nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila og aðilar í nánnum tengslum við þá skulu ekki njóta sérstakra kjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum, sbr. gr. 2.2.
- 4.4. Samtala heildarfyrirgreiðslna til forstjóra, lykilstarfsmanna, nánna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánnum tengslum við þá má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. ffl. um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.

- 4.5. Fyrirgreiðsla til forstjóra, lykilstarfsmanna, náninna fjölskyldumeðlima þessara aðila og aðila í nánum tengslum við þá skal eingöngu veitt gegn traustum tryggingu í samræmi við reglur FME eða útlánareglur bankans ef þær gera ríkari kröfur. Þrátt fyrir framangreint má samtala fyrirgreiðslna til hvers og eins aðila og náninna fjölskyldumeðlima hans og aðila í nánum tengslum við þá án trygginga vera að hámarki 20 millj. kr. en fyrirgreiðsla til sérhvers aðila án trygginga má þó ekki vera hærrí en 5 millj. kr.
- 4.6. Með nánum fjölskyldumeðlimum er átt við maka forstjóra/lykilstarfsmanns eða sambúðarmaka, börn þessara aðila, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir þessum aðilum eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun þeirra.

Um það hverjir teljast vera í nánum tengslum við forstjóra/lykilstarfsmann vísast til skilgreiningar á nánum tengslum í reglum FME.

- 4.7. Um það hver telst lykilstarfsmaður í skilningi reglnanna fer samkvæmt reglum bankans um hæfi lykilstarfsmanna.

## 5. Almennt um framkvæmd viðskipta starfsmanna

- 5.1. Hverjum starfsmanni bankans er óheimilt að framkvæma eða koma að afgreiðslu viðskipta fyrir eigin hönd eða aðila í nánum tengslum við sig.


## 6. Um kauprétti og kaupaukakerfi

- 6.1. Að teknu tilliti til heildarafkomu bankans yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, er bankanum heimilt að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 388/2016 og kaupaukakerfi bankans. Áunnin réttindi starfsmanna samkvæmt kaupaukakerfi skulu færð til gjalda á hverju ári eftir því sem reikningsskilareglur heimila og sérstaklega gerð grein fyrir þeim í skýringum með ársreikningi.


## 7. Gildistaka og birting


- 7.1. Reglurnar taka gildi við undirritun stjórnar.
- 7.2. Reglurnar skal birta á heimasíðu bankans.


Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 29. október 2020.

  
Sigurður Hannesson

  
Guðjón Reynisson

  
Guðmundur Þórðarson

  
Inga Björg Hjaltadóttir

  
Hrönn Sveinsdóttir